

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. maí 2014
2014040027/42-0
KHS, OKN, TB
jgo/tb

Ósk um undanþágu til að nálgast þórshanahreiður, umsögn

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. apríl, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Jóhanns Óla Hilmarsson um undanþágu til að mynda þórshana.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Jóhann Óli Hilmarsson er reyndur fuglajósmyndari og þekkir hegðun fugla vel og telur Náttúrufræðistofnun að veita megi honum leyfi til að ljósmynda þórshana. Jóhann Óli er sérstaklega nefndur í umsókn Yanns Kolbeinssonar vegna fyrirhugaðra rannsókna á þórshana. Því telur Náttúrufræðistofnun eðlilegt að undanþága hans verði bundin við þá rannsókn m.a. til að lágmarka truflun, sjá umsókn Yanns Kolbeinssonar. Náttúrufræðistofnunin vill ítreka að þórshani er mjög sjaldgæfur og viðkvæmur fugl og að varpstæðir þeirra hafa verið eyðilagðir vegna ágangs. Náttúrufræðistofnun telur því að í ár eigi ekki að heimila fleiri ferðir en tilgreindar verða í leyfi til Yanns Kolbeinssonar vegna rannsókna. Ennfremur vill stofnunin ítreka að gefnū tilefni að það eigi og verði að taka það sérstaklega fram í leyfisveitingu að óheimilt sé að nýta ferðir að varpstöðum þórshana sem skoðunarferðir fyrir ferðamenn / áhugamenn um fuglajósmyndun og að leyfi gildi aðeins fyrir viðkomandi einstakling.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

